

Auglýsing um friðlýsingu Tröllabarna í Lækjarbotnum, Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] að tillögu bæjarstjórnar Kópavogs í samráði við náttúruverndarnefnd og skipulagsnefnd kaupstaðarins, fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa landsvæði umhverfis Tröllabörn í Lækjarbotnum í Kópavogskaupstað sem náttúruvætti.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Mörkin fylgja hnitapunktum úr hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951 og eru beinar markalínur á milli punkta. Að norðan fylgja þau suðurbrún Suðurlandsvegur frá punkti 66 sbr. meðfylgjandi uppdrátt (hnit x:9253.35, y: 10824.29), austur að punkti 69 (hnit x: 9056.63, y: 10765.23). Þaðan hornrétt á Suðurlandsveg til suðurs í punkt 39 (hnit x: 9161.90, y: 10571.19). Þar beygja meörkin til vesturs í punkt 38 (hnit x: 9286.88, y: 10631.73 og áfram til norðvesturs í punkt 77 (hnit x: 9315.78, y: 10738.49). Þaðan til norðurs í punkt 37 (hnit x: 9283.35, y: 10824.29) og áfram að punkti 66 (hnit x: 9253.89, y: 10873.46) við Suðurlandsveg. Flatarmál svæðisins er 46.658 m².

Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur:

1. Varðveita skal jarðmyndanir og lífríki svæðisins í núverandi mynd. Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask, sem breytt getur útliti eða eðli svæðisins, er óheimilt, nema til komi leyfi [Umhverfisstofnunar].
2. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt. Skylt er að hlíta nánari reglur sem bæjarstjórn kann að setja um umferð og umgengni með samþykki [Umhverfisstofnunar].
3. Hvers konar losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil á svæðinu.

Náttúruverndarnefnd Kópavogs hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingar í umboði [Umhverfisstofnunar] og bæjarstjórnar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 15. mars 1983.

Ingvar Gíslason.

Runólfur Þórarinsson